



FERÐAMÁLASAMTÖK ÍSLANDS  
ICELANDIC TOURISM ASSOCIATION

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1717  
komudagur 14.3.2003

Reykjavík, 10. mars 2003.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning starfa Ferðamálaráðs til aðila innan ferðapjónustunnar.

“Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til að kanna hagkvæmni þess að flytja störf Ferðamálaráðs til aðila innan ferðapjónustunnar.”

Í þeim löndum, þar sem Íslendingar eru í samskiptum, eru starfandi Ferðamálaráð viðkomandi landa og hafa þau með höndum hliðstæð verkefni og hér gerist. Þau eru sú stofnun á vegum stjórnvalda sem annast verkefni á sviði ferðamála eins og kynningar- og markaðsmál, upplýsingamál, kannanir, tölfræði og önnur stjórnsýsluverkefni. Á Ísland hefur Ferðamálaráð einnig hluta umhverfismála sbr. 7. gr. laga nr. 117/1994 um skipulag ferðamála.

Ferðamálaráð Íslands tekur þátt í þrenns konar alþjóðlegu starfi með öðrum Ferðamálaráðum. Í Ferðamálaráði Vestnorden, í Ferðamálaráði Norðurlanda og í Ferðamálaráði Evrópu. Ferðamálaráðin eru einnig í miklu markaðssamstarfi eins og í Bandaríkjunum.

Fyrir tilstuðlan samgönguráðherra var samþykkt í janúar 2003 nýtt skipurit fyrir skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands, þar sem lagt er til að enn meira vægi verði lagt í stofnunina. Samkvæmt þessu skipuriti skiptist stofnunin í þrjú meginsvið, þ. e. rekstrar- og stjórnsýslusvið, markaðssvið og upplýsinga- og þróunarsvið.

Undanfarið hefur verið sú umræða að kanna enn betur hvort ekki væri hægt að færa fleiri verkþætti frá ráðuneytinu til undirstofnana þess. Þessi umræða er í samræmi við anda stjórnsýslulaga og því talið eðlilegt að stjórnsýslan sé í tveimur þrepum enda á að vera hægt að vísa afgreiðslu lægra stjórnsýslustigs til úrskurðar æðra stigs. Væri farin sú leið að færa verkefni Ferðamálaráðs til ráðuneytisins væri um að ræða lokaafgreiðslu stjórnsýslunnar og því aðeins hægt að vísa ágreiningi um einstaka mál til dómstóla.

Þingsályktunartillagan gengur út á að skipa nefnd til að kanna hagkvæmni þess að flytja verkefni Ferðamálaráðs Íslands til aðila innan ferðaþjónustunnar. Með orðinu “aðila” er væntanlega átt við hagsmunaaðila í ferðaþjónustu. En þeir eru fyrir utan ríkið sjálft, sveitarfélögin, fyrirtæki í greininni og hagsmunasamtök þeirra eins og SAF, Ferðamálasamtök Íslands og landshluta ferðamálasamtökin.

Samkvæmt greinargerð flutningsmanna þingsályktunartillögunnar leggja þeir til að nefndina skipi fulltrúar þriggja skóla, fulltrúi ráðherra og fulltrúi aðeins eins hagsmunaaðila, þ. e. SAF.

Samkvæmt tillögunni virðast flutningsmenn vilja í raun að skipuð verði nefnd til að kanna hagkvæmni þess að leggja Ferðamálaráð Íslands niður. Það eru að sjálfsgöðu mikil vonbrigði að skynja það, að þingmenn telji eðlilegt að kanna hvort hægt sé að afhenda einum hagsmunaaðila, sem er hluti af einni atvinnugreina störf og fjármuni ríkisins, sem þau væru atvinnugreinin í held sinni. Á t. d. Reykjanesbær eða Hafnarfjörður, sem sækjast eftir markaðsstyrk til að koma sér og svæðinu á framfæri erlendis og keppa um hann við ferðaþjónustufyrirtæki í Reykjavík, að sækja um þann fjárstyrki til hagsmunasamtaka fyrirtækja í greininni sem í eru um 300 fyrirtæki af um 900 sem skráð eru hjá Ferðamálaráði?

Kynning á landinu hefur verið framkvæmd í samstarfi við fyrirtæki, samtök fyrirtækja eins og SAF og ferðamálasamtök landshlutanna, sveitarfélög og aðrar stofnanir og fyrirtæki í landinu. En að þau sjái um hina almennu, hlutlausu kynningu og upplýsingagjöf og að stjórnvöld viðkomandi landa afhendi hagsmunasamtökum fyrirtækja eða yfirleitt einhverjum öðrum samtökum allt vald yfir notkun opinberra fjármuna til málaflokksins væri mjög óeðlilegt og væntanlega brjóta í bága við allar hlutleysisreglur.


Til að endurspegla sem best hagsmuni í greininni var skipan Ferðamálaráðs Íslands breytt 31. mars 1999. Þar sitja nú fulltrúar ríkisins, fulltrúar samtaka sveitarfélaga, fulltrúar SAF og fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands.

Hvernig tækju svo erlendir söluaðilar slíkri breytingu? Öll markaðsvinna og almenn landkynning og upplýsingagjöf yrði í höndum hagsmunasamtaka fyrirtækja, sem í einhverjum tilfellum eru þeirra eigin samkeppnisaðilar á erlendri grundu. Erlendu fyrirtækin markaðssetja ekki aðeins Ísland og þau eru von því að hin almenna kynning og upplýsingagjöf sé í höndum Ferðamálaráðs viðkomandi lands en ekki hagsmunasamtaka.

Ef skipa þarf einhverja nefnd um ferðatengd störf eða verkefni er nauðsynlegt að nefndin endurspegli þessa hagsmuni í greininni rétt eins og Ferðamálaráðið sjálft gerir. Íslendingar hafa með núverandi fyrirkomulagi verið að ná betri árangri en okkar samkeppnisþjóðir hvað varðar markaðssetningu á erlendum mörkuðum. Því finnst okkur óeðlilegt að þingmönnum detti í hug að raska þessari uppbyggingu sem svo vel gengur.

Það er skoðun framkvæmdarstjórnar Ferðamálasamtaka Íslands að þingsályktunartillaga þessi sé ekki í neinu samhengi við raunveruleikan og engan veginn hægt né æskilegt að koma í framkvæmd á áður nefndum forsendum.

F.h. Ferðamálasamtaka Íslands



Pétur Rafnsson formaður